

1966

VEIÐIMÁLASTJÓRI
REYKJAVÍK

Fiskrækt á vatnasvæði Lagarfljóts.

Vatnasvæðið.

Vatnasvæði Lagarfljóts er í hópi stærstu vatnasvæða landsins. Er vatnasvið þess 2900 km². Aðaláin, sem ofan til er kölluð Jökulsá í Fljótsdal og neðan til Lagarfljót, er eins og allir vita jökulsá, en í hana falla að austan bergvatnsárnar Kelduá á móts við Valþjófsstað, Gilsá efst í Löginn, Grímsá neðan til í Löginn og Eyvindará, og eru þessar ár fiskgengar nokkra kílómetra upp frá Lagarfljóti. Að vestan falla nokkrir litlir lækir í fljótið, og er Rangá þeirra mestur, en hún fellur í Lagarfljót sunnan við Eiða. Lagarfljót er sjálfst fiskgengt upp vax Lagarfossi eða 27 km leið, og gengur lax og sjógenginn silungur upp undir fossinn, og eru þessar fisktegundir veiddar í net neðan við fossinn.

Fiskrækt.

Áhugi hefur lengi verið fyrir fiskrækt á vatnasvæði Lagarfljóts. Hefur Lagarfoss verið hindrun í vegi ræktunar í fljótinu. Árið 1932 var byggður fiskvegur í hólmann í miðjum fossinum, en Lagarfoss er tvískiptur, sem kunnugt er. Fiskvegur þessi nær ekki upp á fossbrún, og má því telja líklegt að fiskur, sem gengur upp stigann, komist ekki alla jafna upp fyrir fossinn, heldur berist hann með flaumnum við stigaopið niður fossinn aftur.

Laxaseiðum hefur verið sleppt í bergvatnsárnar, sem falla í Lagarfljót, á vegum Fiskræktarfélags Fljót-dalshéraðs 1933 og síðar af áhugamönnum með tilstyrk ríkis og Búnaðarsambands Austurlands á árunum 1957 og 1958. Ekki hefur orðið vart við lax ofan við Lagarfoss, eftir nefndar sleppingar, og bendir það til þess að laxar frá sleppingunum hafa ekki komiðt upp fyrir Lagarfoss nema, ef laxar, sem heyrzt hefur, að veiðst hafi við ós Höfðaár 1961, hafi verið frá sleppingunum 1957.

Öðru hverju heyrst um, að laxar hafi veiðst ofan við Lagarfoss, en í fáum tilvikum hafa fengiðt sannanir fyrir því, að svo hafi verið. Vitað er örugglega um að eftirtaldir laxar hafi gengið upp fyrir fossinn.

Ágúst 1956 78 sm, 4,6 kg, hængur, 4 vetur í fersku vatni og þrjá í sjó. Hafði hrygnt einu sinni.

9. 9. 1957 59 sm, 2,05 kg, hængur, Lagarfljót hjá Skeggjastöðum, 4 vetur í fersku vatni og rúmlega ár í sjó.

18. 8. 1961 96 sm, 6 kg, við Straum, 4 vetur ~~í sjó~~ fersku vatni og þrjá í sjó. Hafði hrygnt einu sinni.

8. 9. 1961 93 sm, 7,5 kg, hængur, Grímsá, fjóra vetur í fersku vatni og tvo vetur í sjó.

Þá hefur heyrzt um að veiðst hafi laxar ofan Lagarfoss í eftirtöldum tilvikum:

1945 þrír laxar í Grímsá.

1958 þrír laxar í Lagarfljóti hjá Skeggjastöðum.

1961 sjö laxar í Lagarfljóti við ós Höfðaár.

Af því, sem nú var sagt, er öruggt, að lax hafi komizt upp fyrir Lagarfoss, en ekki er vitað með vissu með vissu með, hvaða hætti hann hefur farið upp fossinn. Tel ég líklegast, að hann hafi farið um fiskveginn, og að lax geti komizt upp úr honum upp á fossbrún, þegar vatnsflaumur ofan við stigann er lítill. Sumir telja hugsanlegt, að lax komist upp vestur hluta fossins miðjan.

Lífsskilyrði.

Athugun á lífsskilyrðum lax og silungs í bergvatns-ánum Eyvindará, Grímsá og Kelduá hefur farið fram. Lífs-skilyrðin í þessum ám voru best á neðstu hlutum þeirra. Við tilkomu Grímsárvirkjunarinnar má gera ráð fyrir, að lífs-skilyrði fyrir lax neðan við virkjun hafi frekar versnað en hitt, vegna rennslisbreytinga, sem leiða af söfnun á vatni um nætur, þegar rennslið í Grímsá er lítið.

Lagarfljót, frá Lagarfljótsbrú niður að Lagarfossi, sem er 25 km leið og hallalítil (ca. 6 m) hefur ekki verið könnuð, og verður því ekkert sagt með vissu um lífsskilyri lax og silungs á þessu svæði. En telja má þó líklegt, að lax og göngusilungur geti hrygnt á einhverjum hluta á þessu svæði og alizt þar upp á sama hátt og þessar fisktegundir þrífast neðan við Lagarfoss, en á því svæði rennur lítið bergvatn í Lagarfljót, og fallhæð frá Lagarfossi til sjávar er lítil (5 m), og er vegalengdin 27 km eins og áður segir.

Selveiðar.

Í sameiginlegum ósi Lagarfljóts og Jökulsár á Brú er mikið um seli, og er góð selveiði þar við ósana. Á árunum 1924 - 1941 veiddust í Hlíðarhreppi og Tunguhreppi, sem liggja að nefndum ósum, að meðaltali 345 selir. Selir synda upp eftir Lagarfljóti upp undir Lagarfoss. Selir éta m.a. lax og silung, þar sem þeir ná til þessara fisktegunda, hvort heldur er á sundi, eða þegar lax og silungur hefur festst í netum. Selir ganga upp eftir Lagarfljóti og upp undir Lagarfoss, en undir fossinum hefur verið haft selanet frá bænum Ekru, og hafa oft veiðst í net selbitnir laxar frá nefndri jörð. Sumarið 1965 var fjórði hver lax, sem veiddist á Ekru, selbitinn. Ekki er vitað í hvaða hlutfalli selur étur lax í á. Fer það vafalaust eftir ástæðum á hverjum stað. En gera verður ráð fyrir, að hluti af þeim laxi og silungi, sem gengur í Lagarfljót verði selnum að bráð.

Fiskræktaraðgerðir.

Út frá því, sem að ofan er sagt, verður að telja, að skilyrði til ræktunar lax og silungs á Lagarfljótssvæðinu séu fyrir hendi, þó að ýmislegt sé óljóst í sambandi við framfærslumátt vatnasvæðisins með tilliti til lax og silungs og mun það reyndar ekki upplýsast fyrr en það verður reynt. Við ræktun fisks á vatnasvæðinu, þarf tvennskonar aðgerðir. Annarsvegar verður að gera Lagarfoss vel fiskgengan og hinsvegar verður að sleppa seiðum á vatnasvæðið ofan við Lagarfoss.

Fiskvegagerð í Lagarfossi.

Hér að framan hefur þess verið getið, að fiskvegurinn í hólmanum í Lagarfossi, muni ekki vera fiskgengur nema ef til vill að mjög litlu leyti. Er talið líklegt, að ef fiskvegurinn hefði náð upp í fossbrún og gæðar nokkrar lagfæringar á rennsli árinna þar með görðum hefði fiskur átt auðveldar með að komast upp fyrir fossinn, og jafnframt að finna innganginn í fiskveginn, en margir hafa efast um, að hann væri auðfundinn fiski, sem leitar uppgöngu við fossinn. Vitað er, að lax leitar upp undir fossinn með austurbakka árinna, og væri laxastigastæði þar því rétt staðsett, eftir því sem hægt er að vera viss um slíkt.

Rætt hefur verið um að gera nýjan fiskveg á austurbakka Lagarfljóts við Lagarfoss. Fyrir mörgum árum gerði Hannes Arnórsson, verkfræðingur, mælingar fyrir fiskvegi þar á kostnað veiðimálastjóra. Andaðist Hannes áður en hann lyki við áætlun um fiskveg. Nú hefur Sigurður Thoroddsen, verkfræðingur, samkvæmt beiðni Veiðifélags Fljótsdalshéraðs, gert áætlanir í nóvember 1965 um fiskveg við austur bakka Lagarfljóts hjá Lagarfossi. Ná áætlanirnar yfir tvær gerðir fiskvega. Annarsvegar er um að ræða yfirfallsstiga með undirrennsli, sem miðað við verðlag í nóvember 1965 myndi kosta í byggingu kr. 1.520.000.-. Hinsvegar muni raufarstigi kosta kr. 1.750.000.- miðað við sama tíma. Síðarnefnda stigagerðin er mun hæfa betur í Lagarfossi, og þykir rétt að mæla með henni. Tel ég nauðsynlegt að lengja hvert hólfi í stiganum um 60 sm frá því, sem er á teikningunni og má jafnframt

mjókka hann um 20 sm, og myndi sá stigi þá kosta samkvæmt nýrri áætlun frá Sigurði Thoroddsen, verkfræðingi, dags. 23. nóvember 1966, kr. 2.275.000.- miðað við núgildandi verðlag.

Fiskvegur og virkjunarframkvæmdir.

Í sambandi við gerð áætlana um fiskveg í Lagarfossi, er rétt að hafa í huga fyrirhugaða virkjun Lagarfoss. Sigurður Thoroddsen, verkfræðingur, hefur gert áætlun um virkjun Lagarfoss fyrir raforkumálastjóra. Er áætluninni lokið í júlí 1966. Samkvæmt áætluninni er ráðgert að byggja stíflugarð yfir Lagarfljót rúmlega 120 m suður af fossbrún Lagarfoss að austan. Við stíflun verður byggt stöðvarhús og í framhaldi af því til norðurs verður gerður frárennslis-skurður út í gegnum núverandi fossbrún að austan. Mun núverandi fiskvegur í Lagarfossi ónýttur með þessum aðgerðum. Gera má fyrirhugaðan fiskveg austan megin í Lagarfossi án þess að sú framkvæmd rekist á við virkjunarframkvæmdir í Lagarfljóti síðar. Mun þurfa að breyta efri hluta fiskvegjarins, þegar stífluveggur verður byggður, og lengja hann upp á brún stífluveggjarins. Líklegt er talið, að Lagarfoss verði virkjaður innan áratugs, og er ekki ástæða til að bíða með fiskvegagerðina þar til virkjað verður, þar sem fiskvegurinn myndi verða sjálfstæð framkvæmd að mestu leyti en ekki fasttengd virkjunarframkvæmd nema að því leyti, sem tekur til að koma fiskveginum upp á brún stífluveggjarins.

Seiðasleppingar.

Byggja þarf upp fiskstofna á vatnasvæði Lagarfljóts ofan Lagarfoss. Væri rétt að leggja aðaláherzluna á að koma upp laxi á svæðinu. Með sleppingu 5000 gönguseiða árlega á vatnasvæðið frá 1967 - 1975 má koma upp laxgöngum í árnar, en að þeim tíma liðnum ætti að vera kominn upp fiskstofn á svæðinu, sem myndi halda sér við sjálfur. Jafnframt myndi mega leigja vatnasvæðið til laxveiða á stöng árið 1968 fyrir þjár stengur og fimm stengur úr því. Myndi þannig fást tekjur af veiðinni. Ennfremur mætti leigja stangaveiði fyrir neðan Lagarfoss strax á næsta ári, ~~og~~ netaveiði verður lögð niður þar. Gera má ráð fyrir, að árlegur kostnaður við seiðakaup og flutning þeirra austur muni verða um 200 þúsund krónur á ári miðað við núverandi verðlag.

Lokaorð.

Fiskræktartilraunir á Lagarfljótssvæðinu eru merki-
legar, þar sem tekið er til ræktunar eitt af stærstu vatna-
svæðum landsins, sem lítið er af göngufiski á frá náttúrunnar
hendi, en sem opna má að megin hluta með fiskvegagerð. Er
full ástæða til, að hafist verði handa um ræktun vatnasvæðis
Lagarfljóts og gera nýjan fiskveg í Lagarfoss sem fyrst, en
málið stendur og fellur með því, hvort fiskvegurinn verður
gerður.

Reykjavík, 28. nóvember 1966,

Þorsteinn Guðjónsson